



Fundargerð

Fundur í Skipulags-, - hafnar- og húsnæðisnefnd

fimmtudaginn 07.11.19 kl. 10:00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt voru: Varaformaður Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Ingimar Ingimarsson og Herdís Erna Matthíasdóttir í forföllum Karls Kristjánssonar. Einnig sátu fundinn Grettir Ásmundsson byggingarfulltrúi og Þórður Sigfússon auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Varaformaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Lagt var til að tekin yrðu á dagskrá „Húsnæðissjálfsseignastofnun“ og „Tvær lóðir Bæjarnesi“ undir önnur mál. Samþykkt samhljóða.

1. Vatnsaflvirkjun Garpsdal - matsáætlun:

Umsagnir bárust frá Náttúrustofnun Íslands, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Umhverfistofnun, Dalabyggð og Náttúrustofnun Vestfjarða. Brugðist verður við öllum ábendingum og umsögnum.

Samþykkt að láta ljúka aðal- og deilskipulagsgerð fyrir svæðið.

2. Karlseyjarvegur - yfirfærsla:

Sveitarstjóri kynnt bréf frá Vegagerðinni og drög að samningi um yfirfærslu hluta Karlseyjarvegar frá ríkinu til sveitarfélagsins. Sveitarstjóra falið að vinna málið frekar í samvinnu við önnur sveitarfélög og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

3. Friðlýsing - Flatey:

Karl Kristjánsson sótti fundinn fyrir hönd Reykhólahrepps. Sveitarstjórn leggur til að málið verði kynnt sérstaklega fyrir íbúum Reykhólahrepps

4. Fuglastígur - Langavatn:

Sveitarstjóri skýrði frá að sótt hefur um fjármagn frá Framkvæmdasjóð Ferðamannastaða fyrir framkvæmdum næsta árs við Langavatn.

5. Súðavík - aðalskipulag - umsögn:

Tekin fyri beiðni Súðavíkurhrepps varðandi umsögn um nýtt aðalskipulag 2018-30.

Nefndin gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

6. Fjárhagsáætlun 2020:

Fjárhagsáætlun rædd.

7. Önnur mál:

a) Húsnæðissjálfsseingastofnun:

Sveitarstjóri lagði fram drög að samþykktum fyrir húsnæðissjálfsseignastofnun í Reykhólahreppi. Jafnframt lagt fram bréf Íbúðalánasjóðs sem samþykkir veitingu 18% stofnframlags til leiðréttingar stofnvirðis. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram. Jafnframt óskað eftir að fulltrúi Íbúðalánasjóðs komi og kynni stöðu húsnæðismála fyrir íbúum sveitarfélagsins.

b) Tvær lóðir bæjarnesi:

Tekin fyrir umsókn um skipa út tveimur lóðum fyrir tvö frístundahús úr landi Bæjar á Bæjarnesi.

Samþykkt. Skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa falið að ganga frá málinu.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.37
